
290. Hanna Katrín Friðriksson (Replik)

Þetta viðfangsefni og álitamál um hvernig bregðast skuli við fíkniefnavandanum er risastórt verkefni alls staðar í heiminum. Ég persónulega tel fullreynt með það sem hefur verið kallað hörð refsistefna á öllum sviðum fíkniefnaneyslu og ástæða til að fara að skoða svokallaða afglæpavæðingu neysluskammta. Ég tengi það því að samhliða forvörnum þurfum við að viðurkenna þá stöðu sem fyrir er. Ég er ekki þeirrar skoðunar að vönduð vinna við slíka afglæpavæðingu á neysluskömmtum ýti undir frekari neyslu — ég tek fram að hér er ekki rætt um sölu á stærri skömmtum eða viðskipti — heldur sé hún einmitt til þess fallin að draga úr glæpum og auka öryggi þeirra sem þegar eru neytendur. Ég myndi persónulega vilja sjá nefndina vinna áfram með þetta mál á þeim grunni. Ég skil það á máli frummælenda hér að hugmyndin sé að hafna þessu en vinna að sameiginlegum reglum. Ég tel okkur svo sem vera í þá átt en vildi bara segja að ég myndi vilja sjá málinu haldið áfram og þessari vinnu.

Skandinavisk oversettelse

Den här frågan och problematiken kring narkotika är en gigantisk utmaning överallt i världen. Personligen tror jag att det som har kallats för de hårda straffens väg när det gäller hela området av narkotikaanvändning har visat sig inte fungera och att vi nu måste börja titta på avkriminalisering av innehav av narkotika till eget bruk. Jag sätter detta i samband med att parallellt med förebyggande åtgärder måste vi erkänna hur situationen faktiskt ser ut. Enligt min mening skulle ett bra arbete för att avkriminalisera mindre mängder av narkotika inte öka användningen — jag understryker att vi pratar här inte om försäljning av större mängder eller narkotikahandel — utan det skulle tvärtemot bidra till minskad kriminalitet och ökad säkerhet för

dem som redan använder narkotika. Jag skulle personligen vilja att utskottet arbetar vidare med frågan på en sådan basis. Som jag förstår huvudinläggen är tanken att avslå detta men fortsätta att verka för gemensamma regler. Jag anser i och för sig att det är precis det vi gör, men jag skulle gärna vilja se en fortsättning på det här arbetet.